



Seltjarnarnesi, 6. mars 2020

Ágætu foreldrar/forráðamenn barna í Leikskóla Seltjarnarness.

Boðað verkfall félagsmanna Sameykis hefst mánudaginn 9. mars ef samningar nást ekki fyrir þann tíma. Komi til verkfalls mun það hafa mikil áhrif á starfsemi Leikskóla Seltjarnarness, þar sem mikill fjöldi starfsfólks er í félaginu. Þar sem áhrif verkfalls verða mismikil fyrir deildir skólans, allt frá því að loka þurfi deild til þess að áhrif séu lítil, verður sendur sérstakur póstur til foreldra barna á hverri deild þar sem upplýst verður frekar um starfsemina.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með fréttum í fjölmiðlum og á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, um hvort komi til verkfalls og á meðan það stendur ef til kemur.

Komi til verkfalls mun Seltjarnarnesbær ekki innheimta gjöld fyrir þá daga sem börn geta ekki notið þjónustu, auk þess sem leikskólagjöld fyrir aprílmánuð verða ekki send til innheimtu fyrr en að verkfalli loknu. Þeir dagar sem búið er að innheimta fyrir marsmánuð verða dregnir frá næsta greiðslumánuði, ef til verkfalls kemur.

Vonandi ná samningsaðilar samkomulagi þannig að ekki komi til skerðingar á þjónustu við Leikskóla Seltjarnarness.

Virðingarfyllt

Baldur Pálsson,
Sviðsstjóri
Fjölskyldusviðs Seltjarnarnesbæjar